Stofnuð samtök áhugafólks

Verndun útsýnis yfir Sundin blá

Verndun útsýnis yfir Sundin og náttúrunnar við þau er á stefnuskrá áhugafólks sem stofnar til samtaka á sunnudag. Ástæðan er m.a. fyrirhuguð bygging skrifstofuháhýsis við Holtagarða.

Í f

Í fréttatilkynningu um málið segir, að íbúar í Kleppsholti hafi þungar áhyggjur af byggingu þessa háhýsis við Elliðavoginn. Það myndi ekki einasta spilla útsýni, sem ekki verður aftur tekið, heldur og náttúrufegurð. Þá hefði fyrirhuguð bygging háhýsis við Sundin víðtækar breytingar á skipulagi svæðisins.

Stofnun samtakanna fer fram í Þróttheimum við Holtaveg kl. 2, en kl. 15.30 verður afhjúpað mótmælaskillti á fyrirhuguðum byggingarstað — með viðhöfn.



Nokkrir nefndarmanna norrænu málaársnefndarinnar, ásamt Hjálmari Ólafssyni form. Norræna félagsins. Standandi f.v.: Haraldur Ólafsson, Aðalsteinn Davíðsson, form. nefndarinnar, Hjálmar Ólafsson. Sitjandi f.v. Hjörtur Pálsson, Guðrún Egilsson og Stefán Karlsson.

Norræna málaárið:

Efni á snældum handa skólanemum

Það hefur ekki farið hátt í fréttum að nú stendur yfir norrænt málaár. Tilgangur þess er að efla kynningu milli hinna norrænu þjóða, benda á skyldleika tungumálanna og kynna ýmislegt það sem þessar þjóðir eiga sameiginlegt og geta notið í sameiningu.

Íslandsnefnd norræna málaársins hefur ekki setið auðum höndum það sem af er. Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram og þegar hafa ýmsar þeirra komist í framkvæmd. Það er Norræna félagið sem sér um framkvæmdina, en í nefndinni situr fólk sem þekkir vel til norrænna tungumála og menningar.

Á næstunni er væntanleg snælda (kassetta) með völdu efni á sænsku, norsku og færeysku. Þar er ein þjóðsaga frá hverju þessara þriggja landa og nútíma samásaga, en efnið er tengt með tónlist. Það voru þær Björg Juhulin, Sigrún Hallbeck og Ingibjörg Johannessen sem völdu efnið,en Hörður Bergmann námsstjóri í dönsku ýtti verkinu á flot. Snældunni er ætlað að gefa skólanemendum sem læra dönsku kost á að kynnast hinum málunum, en það er einmitt tilgangur málaársins m.a. að benda fólki á, að eitt norðurlandamál er lykill að hinum.

Það skal reyndar tekið fram að það eru ekki aðeins hin svokölluðu norrænu mál sem um er að ræða, heldur öll mál sem töluð eru á Norðurlöndum, þar með talin finnska, grænlenska og samiska.

Af öðru því sem er á döfinni í tilefni málaársins má nefna að bókafulltrúi ríkisins hefur hvatt bókaverði til þess að hafa sýningar á norrænum bókum. Væntanlegur er eins konar málkynningartexti á mjólkurumbúðum, útvarpi og sjónvarpi hefur verið skrifað til að minna á málaárið og sótt hefur verið um styrki til að festa kaup á hljómplötum og öðru efni. Þá hefur Norræna félagið staðið fyrir fjórum samkomum í Norræna húsinu þar sem kynnt hafa verið þau tungumál sem töluð eru á Norðurlöndum og verður væntanlega framhald á því starfi.


Á blaðamannafundi sem Íslandsnefnd norræna málaársins hélt nýlega kom fram, að stundum er norrænni menningu stillt upp sem andstæðu þeirrar engilsaxnesku, en nefndarmenn vildu leggja áherslu á, að auðvitað ættu þær að vera til samhliða og við ættum að njóta alls þess besta sem boðið er upp á, hvaðan sem það kemur.

Á hinum Norðurlöndunum hefur ýmislegt verið gert til að kynna málaárið, m.a. hafa Svíar gefið út vinnublöð þar sem strákurinn Villi norðurbúi veltir norrænu málunum fyir sér á ýmsa lund.

Málaárið mun standa til loka skólaársins 1981, en þeir sem sitja í nefndinni hér á landi eru Aðalsteinn Davíðsson form., Haraldur Ólafsson, Hjörtur Pálsson, Guðrún Egilsson, Stefán Karlsson, Vésteinn Ólason og Jón Sigurðsson. Hjálmar Ólafsson form. Norræna félagsins kynnti nefndina og starf hennar og sagði hana einkar góðan hugmyndabanka sem lengi yrði búið að.

—ká





Yfirlitssýning Braga Ásgeirssonar hefst í dag. Á myndinni er verið að vega og meta hæð og stöðu myndarinnar í salnum að Kjarvalsstöðum. Ljósm. —eik.

Yfirlistssýning Braga Ásgeirssonar:

Heimur augans

Heimur augans er heiti sýningar Braga Ásgeirssonar sem hefst í dag, laugardag að Kjarvalsstöðum. Bragi sýnir myndir frá þeim 33 árum sem hann hefur fengist við myndlist.

Bragi Ásgeirsson hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum, auk þess sem hann hefur fengist við kennslu og skrifað um myndlist og myndlsitargagnrýni um árabil.

Sýningin stendur til 2. nóv. og er opin daglega frá kl. 16-22.

Við fluttum

um set, að Suðurlandsbraut 18




Pálmi Gíslason | Guðrún Jóhannsdóttir | Kristín Káradóttir | Egilína Guðgeirsdóttir | Katrín Torfadóttir

Til gamalla og nýrra viðskiptavina!

Vegna stóraukinna viðskipta, höfum við flutt í stærra húsnæði. Við bjóðum ykkur velkomin og væntum þess að geta boðið enn betri þjónustu.

Starfsfólk Samvinnubankans Suðurlandsbraut 18



AUGLÝSINGASTOFAN ELMI

Samvinnubankinn

Suðurlandsbraut 18